

5/2 1970.

Garðar Jónsson.

S T A R F S S KÝR S L A F Y R I R Á R I Ð.  
=====

1 9 6 9 .  
=====

Suðurlandsmundæmi.

### Formálsorð.

Í upphafi ársskýrslu er rétt að geta þess, að sá hörmulegi atburður gerðist 15. febr. 1969, að Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörður, fórst í bifreiðarslysi, nálægt býlinu Heiði í Biskuptungum. Einar var skógarvörður á Suð-Vesturlandi, og í hans umdæmi voru skóglendin Haukadalur og Laugarvatn m.m. Vegna fráfalls Einars var mér af skógræktarstjóra falin umsjón með nefndum skóglendum, og kemur það fram í ársskýrslu minni hér á eftir.

Ég veit það, að nokkurn tíma tekur að átta sig á þeim verkefnum sem þarf að vinna að á nýjum stöðum, eins þarf maður að kynnast fólk og staðháttum, til þess að geta náð réttum tökum á verkefnum. Allt tekur þetta nokkurn tíma, en ég vona að ég geti, eftir ekki of langan tíma höndlað þau verkefni sem vinna þarf, á þessum stöðum og öðrum.

Í þessum formálsorðum ætla ég ekki að skrifa eftirmáli um Einar. Ég vil þó aðeins nefna það, að Einar var afkasta mikill framkvæmdamaður, svo vandi er að taka við störfum eftir hann.

Við Einar vorum vinir allt frá því er við kynntumst fyrst, er við vorum saman við skógræktarnám í Noregi 1939. Hann var góður drengur og vinur vina sinna.

## 1. Veðurfar ársins:

---

Veturinn frá áramótum var nokkuð frostharður. Snjó festi sjaldan eða lítið á jörðu, svo klaki hljóp nokkuð djúpt niður. Vorið kom frekar seint. 20. maí aðgætti ég klaka í jörðu á Árbæ í Olfusi, og var hann 12 tommur, en þýtt aðrar 12 tommur. Á Þórsmörk var viðast hvar klakalaust 2. júní, en aftur á móti var klaki til tafar við gróðursetningu, bæði í Skarfanesi og Þjórsárdal um miðjan júní. Júnímánuður var mjög hagstæður til gróðursetningar, þurrt og gott vinnuveður á daginn, en úrkoma um nætur. Júlí, ágúst og september voru með eindæmum úrkomusamir, svo að elstu menn muna ekki öllu meiri úrkomu á þeim árstíma. Haustið var einnig úrkomusamt. Vetur gekk snemma í garð, og veðrátta umhæypingasöm til áramóta. Snjó og svellalög mikil í uppsveitum Arnessýslu.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

---

a. Laufgun og lauffall. Laufgun í görðum á láglendi tel ég að hafi verið um 1. júní. Einnig var orðið laufgað á Þórsmörk 3. júní. Í Haukadal, Þjórsárdal og Skarfanesi var laufgun um 15. júní. Lauffall tel ég að hafi verið um 25. september.

b. Vöxtur. Þegar á heildina er litið, tel ég að vöxtur á trjám hafi verið í meðallagi, og á sumum trjátegundum ágætur s.s. á sitkagreni, einnig var góður vöxtur á stafafuru.

c. Fræfall. Birkifræ var mjög lítið um hér á Suðurlandi í summar, nema á Pórmörk, þar var tölувert af fræi, en reklarnir þar voru stuttir og grannir. Ekki var safnað fræi þar.

d. Skaðar á trjám. Lús og maðkur gerðu lítið vart við sig í summar, þó er alltaf svolitið af maðki í birkiskógunum, en alls ekki það mikið að til skaða geti talist. Sinubrennur í skógræktargirðingum eru landlægt fyrirbæri hér á Suðurlandi. Á Selfossi í Skógræktarfélagsgirðingunni var brendur um 1. ha. sem í var birki, og varð að sjálfsögðu skaði af því. Í Reykjahjáleigugirðingu var kveikt í sinu og brann um hálfur ha. en þar var ekkert gróðursett á því landi er brann. Í fyrra var brend skógræktargirðing í Sandvíkurhr. og mátti búast við að allt væri dautt í girðingunni, en svo var þó ekki, tölувert af birkinu lifnaði í summar og eins kom mikið af rótarskotum, en stofnarnir dauðir niður að jörð.

3. Starfsfólk:

=====

Starfsfólk á árinu.

	<u>mai.</u>	<u>júní.</u>	<u>júlí.</u>	<u>ágúst.</u>	<u>sept.</u>	<u>samt.</u>
<u>Karlar.</u>	5	11	11	10	7	44
<u>Konur.</u>	1	2	2	1	2	8
<u>Samt.</u>	6	13	13	11	9	52

Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu frá Skógrækt ríkisins urðu: (Sambærilegar tölur frá árinu 1968 innan sviga).

Kr. 521.722,- (396.259,-). Þar af greitt í sparimerkjum Kr. 22.713,- (38.547,-). Á mánuði skiptast kaupgreiðslur pannig: Mai KR. 30.818,- (28.196,-) júní Kr. 176.637,- (104.391,-) júlí Kr. 159.100,- (101.126,-) ágúst Kr. 100.401,- (100.444,-) sept. Kr. 54.763,- (49.171,-). Greiðslur féllu þannig til fólks eftir búsetu, í Arn-essýslu Kr. 337.424,- (257.129,-) Rangárvallasýsla Kr. 74.173,- (54.009,-) Kópavogi Kr. 110.125,-, en þaðan var enginn í fyrra. Tryggingarskildar vinnuvikur voru 147 (126) og matreiðsludagar 96 (98). Venjulegur vinnustundafjöldi á dag var 9 st. í dagvinnu og 1. st. í eftirvinnu, nema á föstudögum þá var unnið í 8. st. dagvinna og 1. st. eftirvinna, og þá kemur vikan út með 44. st. í dagvinnu og 5. st. eftirvinna. Unnið var í skóglendum í Arnessýslu fyrir Kr. 366.394,-, 103 vinnuvikur, en í Rangárvallasýslu fyrir Kr. 155.328,-, og vinnuvikur voru 44.

#### 4. Girðingar:

=====

a. Viðhald. 19 maí var byrjað að lagfæra girðinguna í Reykjahjáleigu, og var því lokið á fáum dögum. Vegna þess að mjög snjóleitt var í veturnar, var girðingin í sæmilegu ásigkomulagi í vor og kostnaður við viðgerðina ekki nema Kr. 8.504.-.

Pjórsárdalsgirðing. Settar voru lausagirðingar í Pjórsá og Sandá 20. maí. 27. maí var farið uppertir og þá gengið í það að gera við girðinguna. Byrjað var að framanverðu við Pjórsá undir Bringum, og haldið sem leið liggur inneftir og endað í Pjórsá við Sandafell 18 júní. Girðingin var ekkert sérlega illa farin eftir veturninn, en 30 ára girðing þarf töluvert viðhald. Í ágúst var svo farið í að endurbæta gömlu afréttargirðinguna, sem var þó strengja gaddavirs-girðing, frá Blakksdal að Hvammsá. Sett var utaná hana gamalt net, bætt í hana járnstaurum og renglum, en gamla girðingin að öðru leiti látin halda sér. Eftir er þá 700 - 800 m. kafli af girðingunni sem ekki er komið net á, en á þeim kafla var bætt við tveim strengjum af gaddavír. Of margt sauðfé var í girðingunni í sumar, svo margt að það er okkur til skaða og skammar. Ekki get ég kennt lélegri girðingu um það, nema að mjög litlu leyti. Aftur á móti eru mörg hlið á girðingunni, sem að afréttinum snýr, og hvað eftir annað komum við og aðrir, sem vilja hafa Pjórsárdal fjárlausann, að hliðunum opnum. Og þá er ekki að sökum að spyrja, sauðfé streymir inn í girðinguna. Engum er öðrum um að kenna en kærulausum ferðamönnum, sem mikið er af þarna, sem eru að flækjast á bílum upp um hálandið. Nauðsynlegt væri að hafa umsjónarmann með girðingunni í tvö mánuði. Ef til vill væri hægt að fá Landsvirkjun, Gnúpverjahrepp, Flóa og Skeiðahrepp, til að taka þátt í kostnaði sem af því mundi verða. Ég hef kannan að að þessir aðilar hafa áhuga á því mál.

Viðhaldskostnaður og endurbætur á girðingunni í ár varð Kr. 128 þús.  
og smölunarkostnaður Kr. 17.280,-.

Laugarvatnsgirðing. Um viðhald og smölun á girðingunni sá Pálmi  
Pálsson á Hjálmsstöðum. Viðgerðarkostnaður Kr. 3.390,-, og smöl-  
unarkostnaður Kr. 4.500,-. Á fjallinu fyrir ofan Laugarvatn er  
girðingin gjörsamlega ónýt, og bar af leiðandi er alltaf slæðingur  
af fé inn í henni, ekki þó mikið að til skaða sé, en heldur er  
það leiðinlegt og þyrfti úrbóta.

Haukadalsgirðing. Greipur Sigurðsson, Haukadal, hefur séð um við-  
hald á girðingunni og var svo einnig í summar. Það verður að teljast  
tilundantekninga ef sauðfé sést í Haukadalsgirðingu. Viðhaldskostnaður  
hefur verið innifalinn í umsjónarlaunum Greips.

Pveráauragirðing. Á haustdögum var girðingin lagfærð. Kostnaður  
við það varð Kr. 2.390,-.

Pórsmerkurgirðing. 2 júní var farið á Pórsmörk til viðgerða á girð-  
ingunni, og var því lokið 10 júní. Þegar við komum inneftir til  
viðgerðanna, reiknaði ég með að Eyfellingar væru ekki farnir að  
reka fé á afrétt svo snemma sumars. En það var nú ekki, þeir höfðu  
farið með vetrunga síðast í maí, og auðvitað voru þeir allir inn í  
girðingunni þegar við komum, en þeim var nú fljótlega hent út úr  
henni. 10 júní kom umsjónarmaður á Pórsmörk, og var samfeld umsjón  
með girðingunni þangað til 18 sept. Í júní og júlí var girðingin  
fjárlaus, en síðast í ágúst komust nokkrar skjátur inn í hana, ég  
veit ekki hvar þær smugu inn. Það voru það fáar kindur, að mér  
fannst ekki taka því að kosta smölun svo seint á sumri, enda mjög  
kostnaðarsamt að smala Pórsmörkina. Kostnaður við viðgerðina á  
girðingunni rúmar Kr. 15. þús. en umsjónarkostnaður færður á  
ferðafólk.

## 5. Gróðursetning:

---

a. Áætlun undirbúningur. Á starfsmannafundinum í vetur var áætlað að gróðursetja samtals 46. þús. plöntur í Pjórsárdal og Skarfanesi. Útkoman varð sú að samtals voru gróðursettar 42.175 plöntur á báðum stöðunum. Eins og áður segir var júnímánuður mjög hagstæður hvað gróðursetningu snertir. Þeg hef nú unnið að gróðursetningu á trjáplöntum í 30 ár, og man aldrei eftir eins hagsræðri veðráttu til þeirra hluta eins og í vor. Þessi ágætis veðráttu kom sér mjög vel, því þær plöntur sem ég fékk til gróðursetningar, voru vægast sagt mjög lélegar, vegna þess hversu mikið þær voru farnar að vaxa þegar þær komu. Ef veðráttan hefði verið eins og undanfarandi vor hafa verið, þurr og köld, er ég viss um að mjög mikil vanhöld hefðu orðið á gróðursetningunni. Í Skarfanesi voru plönturnar geymdar á tvennan hátt, í niðurslætti eins og venjulegt er, og í vatnsþró. Vatnsþróna útbjó ég bannig, að ég stakk upp grífju og fóðraði hana að innan með plastdúk. Þetta var mjög auðvelt í Skarfanesi, því þær er flatlent og sendinn jarðvegur. Grífjuna hafði ég það djúpa að topparnir á plöntunum stóðu aðeins uppúr vatninu. Vegna þess að veðráttan var hagstæð til gróðursetningar í vor, sá ég ekki teljandi mun á plöntunum eftir gróðursetningu, sem höfðu staðið í niðurslætti eða þeim í vatnsþrónni. Þó fannst mér plönturnar úr vatnsbaðinu öllu frísklegri á að líta fyrst eftir gróðursetninguna, en sá munur hvarf fljótlega. Handhægt væri að hafa ílát sem auðvelt væri að flytja á milli staða, til þess að hafa plönturnar í vatnsbaði í stað niður-sláttar, og jafnvel flytja plönturnar í þessum ílátum frá gróðrar-stöð að plöntunarstað. Þeg gæti trúð að vatnsgeymslu aðferðin væri sérlega heppileg í þurrum vorum, eins og svo oft hafa verið á undan-farandi árum. Allar plönturnar voru gróðursettar með bjúgskóflum.

Etlunin var, að gróðursetja í Skarfanesi með skosku gróðursetningarávélinni (Raufar Baldri), en af einhverjum tæknilegum galla komumst við ekki á lag með það. Plönturnar voru alltaf lausar í jörðinni, við fengum vélina ekki til að þrýsta plöntu rásinni nögu vel saman, að öðru leyti vann vélin rétt. Í Skarfanesi var ekki gróðursett á samfeldu svæði, heldur í rjóður vítt og breitt um skógin. Ekki var til neitt grisjað land, og hvorki tími né fjármagn til þess að fara að grisja í vor fyrir það sem átti að gróðursetja þá. Aftur á móti voru til rásagrisjaðir 3. ha. í Pjórsárdal, í brekkunum upp af vinnuskálunum í Hvammsárdal, og í þær rásir voru settar 15. þús. plöntur. Allar plönturnar komust mjög sómasamlega í jörðina, og í haust voru þær sérstaklega fallegar.

b. Plöntunartími. Í Skarfanesi hófst gróðursetning 11. júní, og lauk 27. júní. En í Pjórsárdal hófst gróðursetning 19. júní, og lauk 24. júní. Klaki í jörðu var til tafar við gróðursetninguna á báðum stöðunum, til að byrja með, sérstaklega þar sem mosi var mikill og skuggi af skógi.

c. Tafla yfir tegundir, kvæmi o.fl.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.st.
Þjórsárdalur	rauðgreni	St jördal	3/3	15.750	T.
"	bergfura	B.-655	2/2	750	T.
Skarfanes	rauðgreni	St jördal	3/3	25.675	T.
Samtals.					42.175

Gróðursetning hjá Skógræktarfélögum.

Skógræktarfél. Árn.

Snæfoksstaðir	rauðgreni	Meldal	3/0	21.000	T.
"	rauðgreni	?	2/2	10.000	F.
"	rauðgreni	St jördal	3/3	6.750	T.
"	bergfura	B.- 655	2/2	850	T.
"	sitkagreni	Sitka	3/2	50	T.
Sandvíkurhr.	bergfura	B.- 655	2/2	250	T.
"	birki	Bæjarst.	3/0	250	T.
Hvergerðingar	birki	Bæjarst.	3/0	1.800	T.
"	sitkagreni	Sitka	3/2	1.000	T.
"	bergfura	B.- 655	2/2	500	T.
"	rauðgreni	St jördal	3/3	300	T.
Selfoss	birki	Bæjarst.	3/0	1.000	T.

Skógræktarfél. Rang.

Hamragarðar	birki	Bæjarst.	2/0	6.800	T.
"	bergfura	B.- 655	2/2	7.200	T.
Samtals					57.750

=====

## 6. Hirðing:

=====

a. Hreinsun, grisjun. Pað verður að segjast eins og er að öll hreinsun og grisjun frá gróðursetningum hjá mér, hefur verið í megnasta ólagi á undanfarandi árum. En í sumar var gert vænt átak til úrbóta í þeim eftum, þó er mikil eftir. Aðal átakið var gert í Haukadal. Þar var grisjað frá gróðursetningum og borinn áburður að plöntum, frá girðinguunni að sunnan, norður að Svartagili, beggja vegna við Austmannagróðursetninguna frá 1949, sömuleiðis var grisjað þar frá plöntum frá Svartagili ofan vegar að Kolabrekki. Unnið var að þessu á tímabilinu frá 5. júlí til 10. ágúst. 6 menn unnu að þessu allan tímamann. Kostnaður varð, vinnulaun Kr. 97.135,- áburður tæpar 6. þús. kr.. Í þessu er ekki reiknað ráðskonukaup, flutningskostnaður o.fl. sem tilheyrir útgerð á vinnuflokk.

Í Pjórsárdal var grisjað frá sitkagreni í suðurhlíð Selhöfða neðan vegar upp af Klapparvaði á Sandá. Ekki var komist yfir stórt svæði því aðeins var unnið fyrir rúmar 11. þús. Kr.

Í Skarfanesi var grisjað frá 3000 plöntum rauðgreni ( Rana ) gróðursettum 1952 og stafafuru 1000 plöntum ( Skagway ) gróðursettum 1957. Enginn kostnaður varð af því, það var gert í sjálfbóðavinnu. Ekkert var unnið að grisjun fyrir gróðursetningu næsta árs, svo ~~ekkert kjarrlendi er tilbúið til gróðursetningar næsta vor.~~

Aftur á móti er til ágætt skóglauð furuland í Seljatungum upp af Hvammsárdal í Pjórsárdal. Gæti vel trúð að bergfura eða jafnvel stafafura þrifust þar vel.

7. Vélar og verkfæri:  
=====

a. Mótorvélar. Þau undur gerðust 16. júli í sumar, að jeppabifreiðin rússnesk M.A.Z. árgerð 1967, fór af stað, þar sem hún stóð mannlaus á bílaplaninu við Svartagil í Haukadalsbrekkum og steyptist niður í gilið um 15 - 20 m. fall, og gjör ónýttist. Í hennar stað var keypt samskonar bifreið árgerð 1969. Í Haukadal voru 2 Jo-Bo kjarrsagir, og bætast þær við verkfæralista hjá mér.

b. Onnur verkfæri. Sjá verkfæralista aftast.

8. Ýmislegt:  
=====

a. Ferðafólk. Ekki var eins mikið um ferðafólk í skóglendum Skógræktar ríkisins í sumar eins og undanfarandi sumur. Má þar vafalaust um kenna rigningunni hér sunnanlands í sumar. Við vorum þó að ýmsu leiti betur undir það búnir en áður að taka á móti gestum í skóglendin, þar sem við höfðum umsjónarmann á Pórsmörk í allt sumar. Það er mjög nauðsynlegt að hafa umsjónarmann sumarlangt á Pórsmörk, því það er staðreynd að þangað fer ferðafólk lang mest, sé veðrátta sémileg. Ekki fer hjá því að nokkur kostnaður verður af umsjóninni, en það er kostnaður sem borgar sig, því allstaðar fékk skógræktin lof fyrir bætta umgengni og þjónustu við ferðafólk. Ég vil geta helstu kostnaðarliðanna hér: Umsjónarlaun bæði fyrir fólk og fíenað Kr. 110.125,-, sjúkragögn o.fl. Kr. 7.211,-, áburður og fræ Kr. 3.923,-, efniskostnaður vegna vatnslagnar og salerna Kr. 12.778,-, vinna við sama Kr. 7.965,-, prentun og auglýsingar Kr. 4.178,- og aksturskostnaður Kr. 15.000,-. Tekin voru tjaldgjöld af gestum, Kr. 40,- fyrir tjald, tekjur af því urðu Kr. 17.920,--.

b. Fundarhöld og eftirlitsferðir. 26. febr. - 4. marz, sat ég árlegan fund skógræktarstjóra og skógarvara Í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1969. Yfir sumarið margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins Laugarvatn, Haukadal, Þjórsárdal, Skarfanes og Þórsmörk, vegna framkvæmda og eftirlits á þeim stöðum. Einnig ferðir í girdingar Skógræktarfélaganna í Árnes og Rangárvallasýslum, serstaklega að Snæfoksstöðum, því þar var unnið að framkvæmdum í allt summar.

c. - 7. sept. á aðalfund Skógræktartelags Íslands sem haldinn var í Stykkishólmi. 20. - 22. okt. fundur í Reykjavík, þar sem rætt var um; Stefnumál skógræktarinnar í framtíðinni svo og ýms teknisk atriði er varða skógrækt. Fundinum lauk með sameiginlegri fræðsluferð í skóglendin að Laugarvatni og Haukadal.

Selfossi 31/12. 1969.



V E R K F E R A T A L N I N G.  
=====

Hjá Garðari Jónssyni árið 1969.

Fjöldi.	Nöfn.
1.	Vörubifreið Thames Trader árgerð 1963.
1.	Jeppabifreið rússnesk M. A. Z. árg. 1969.
1.	Jeppakerra
1.	Jardýta T.-D.-6. gömul.
3.	Kjarrsagir Jo. Bo.
2.	Axir.
13.	Sniðlar.
9.	Bjúgskóflur.
5.	Plöntuhakar.
6.	Skógarklippur.
3.	Stunguskóflur.
2.	Malarskóflur.
2.	Járnkarlar.
3.	Sleggjur.
1.	Keðjustrekkjari (Girðingartalia.)
2.	Handstrekkjarar.
5.	Hamrar.
5.	Naglbítar.
2.	Bogasagir.
1.	Tjald (gamalt)
	Matar og eldunarähöld fyrir 10 manna flokk, sem <b>bætt</b> er í og halddið við á hverju ári.

Selfossi 31/12. 1969.

*Garðar Jónsson*